

**Nd.**

**89. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um bjargráðasjóð Íslands, nr. 45, 10. nóv. 1913.

Flutningsm.: Jón Sigurðsson og Pjetur Oltesen.

1. gr.

Í stað orðanna í upphafi síðustu málsgr. 4. gr. »Öllum tekjum bjargráðasjóðsins skal koma á vöxtu í Landsbankanum« komi:

Tekjum bjargráðasjóðs, sem ekki er varið til útlána, skal koma á vöxtu í Landsbankanum.

2. gr.

A eftir 11. gr. komi ný grein, er verði 12. gr., svo hljóðandi:

Meðan sýslunefndir og bæjarstjórnir hafa ekki gert samþyktir þær, sem um ræðir í 11. gr., skal stjórn bjargráðasjóðsins veita lán af árlegum tekjum sjóðsins, að vöxtum undanskildum, fóðurbirgðafjelögum eða öðrum löggiltum fjelögum eða stofnunum, er hafa það eitt að markmiði að koma í veg fyrir hallæri.

3. gr.

Þar á eftir komi ný grein, er verði 13. gr. og hljóði þannig;

Fje það, er hvert bæjar- eða sýslufjelag leggur árlega í sjóðinn, skal nota til lánveitinga innan viðkomandi sýslu- eða bæjarfjelds, ásamt jafnhárri upphæð af landssjóðstillaginu það ár.

Nú koma engar eða ófullnægjandi umsóknir eitt ár eða fleiri úr einhverju sýslufjelagi, og skal þá það fje, er þannig verður afgang, lagt á vöxtu, en heimilt er að verja því síðar til útlána í sömu sýslu samkvæmt 12. gr., ásamt jafnmikilli upphæð úr þeim hluta sjóðsins, er telst sameign allra landsmanna.

4. gr.

12. gr. verði 14. gr. og fyrsta málsgrein orðist þannig:

Ef hallæri ber að höndum, á hvert hjerad tilkall til þess hluta sjer-eignar sinnar í bjargráðasjóðnum til útbýtingar, sem þá er á vöxtum í Landsbankanum. Útbýting þessa fjár fer fram samkvæmt bjargráðasamþykt hlutað-eigandi hjerads.

5. gr.

A eftir 12. gr. komi ný grein, er verði 15. gr., svo hljóðandi:

Landsstjórnin semur reglugerð um lánveitingar úr sjóðnum eftir tillögum bjargráðastjórnar.

6. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 45, 10. nóv. 1913, og gefa þau út svö breytt.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi, er við flutningsmenn fluttum á síðasta þingi, og vísast til þeirrar greinargerðar, er þá fylgdi frumvarpinu á þingskjali nr. 50.